

Skólaráð Naustaskóla

4. fundur ársins 2016 þann 31. mars 2016

Mættir:

Skólastjórnendur: Ágúst Jakobsson, Bryndís Björnsdóttir og Aðalheiður Skúladóttir.

Fulltrúar foreldra og grenndarsamfélags: Áshildur Hlín Valtýsdóttir, Vaka Óttarsdóttir og Anna Steinunn Þengilsdóttir.

Fulltrúar starfsmanna: Berglind Bergvinsdóttir, Valdís Jósavinsdóttir og Inga Vala Magnúsdóttir.

Dagskrá og afgreiðslur:

1. Skóladagatal

Lagt fram skóladagatal fyrir skólaárið 2016-2017 eins og það var afgreitt af kennarafundi þann 29. mars. Nokkrar umræður um fyrirkomulag árshátíðar og viðtalsdaga, nánari útfærsla bíður betri tíma, setja þarf nefnd(ir) í málið í vor eða haust. Skóladagatalið annars samþykkt og fer til skólanefndar til afgreiðslu þar.

2. Stundaskrá 2016-2017

Kynnt drög að stundaskrá næsta skólaárs. Breytingar á frímínútnátíma 4.-5. bekkjar, íþróttir breytast með tilkomu íþróttahúss, nýtt smiðjuþyrirkomulag í 4.-5. bekk o.fl.

3. Starfsmannamál

- a. Skólastjóraauglýsing. Farið yfir drög frá fræðslustjóra að auglýsingu eftir nýjum skólastjóra. Stefnt er að því að auglýsingin birtist um næstu helgi með umsóknarfresti til 20. apríl. Ágústi falið að koma athugasemdum og breytingatillögum á framfæri við fræðslustjóra.
- b. Teymi næsta vetrar. Skoðuð fyrsta hugmynd að uppröðun í teymi. Eftir er að heyra í nokkrum kennurum en stefnt að því að senda út fyrstu hugmynd að skipulagi á allra næstu dögum.
- c. Hagræðingarkrafa. Lítillega fjallað um yfirvofandi hagræðingarkröfu á skóla bæjarins, enn nokkuð óljóst hvað í henni felst.

Næsti fundur áætlaður fimmtudaginn 14. apríl kl. 15:00

Ágúst Jakobsson ritaði fundargerð